

Ed.

516. Tillaga

til þingsályktunar um að breyta launakjörum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um breytt launakjör bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík, þannig að laun þeirra verði framvegis fastákveðin, álika há og laun dómara í hæstarjetti, en aukatekjur falli til landssjóðs, enda sje skrifstofukostnaður greiddur af almannaþje.

Greinargerð.

Þessi tvö embætti eru nokkuð einstæð að því er launakjör snertir meðal embætta hjer á landi. Í sumum árum eru tekjur þessara starfsmanna

miklu hærrí heldur en hliðstæðra starfsmanna landsins, en stundum virðast þær geta fallið niður fyrir sanngjarnt lágmark. Þannig virðast tekjur bæjarfógeta, eftir útsvarinu að dæma, í fyrra hafa verið lægri en sanngjarnt er um mann í hans stöðu.